



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um sundurliðaðan kostnað við ferðir sálfræðinga út í grunnskóla borgarinnar*

Þann 2. mars 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um kostnað við ferðir sálfræðinga í grunnskóla borgarinnar:

Sálfræðingar hafa aðsetur á þjónustumiðstöðvum og ferðast þaðan út í þá skóla sem þeim ber að sinna til að þjónusta börn. Á biðlista eftir sálfræðingum eru rúmlega 1000 börn. Alls bíða 1804 börn eftir fagþjónustu. Stöðugildi sálfræðinga eru 25,8 sem þjónusta 80 leikskóla og 44 grunnskóla. Áætlað er að u.þ.b. 10 stöðugildi sinni leikskólum og 15,8 sinni grunnskólum borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um kostnað við ferðir sálfræðinga út í skólana, sundurliðun eftir hverfum og eftir ferðamáta.

Svar:

Sérfræðingar skólaþjónustunnar ferðast á milli þjónustumiðstöðvanna og skólanna með leigubílum (nýta þá svokölluð leigubílakort), með akstursamingum (ekið á eigin bílum og kílómetrar skráðir á tiltekið eyðublað sem sent er stjórnanda til samþykktar), eða gangandi og hjólandi. Yfirmaður ákveður hvaða starfsmenn hafa aðgang að margnota leigubílakortum frá Hreyfli.

Gögn velferðarsviðs bjóða ekki upp á að hægt sé að sundurgreina kostnað á þann hátt sem óskað er. Upplýsingar liggja fyrir um kostnað á þjónustuþætti sem tekur til stjórnsýslu, sérfræðiþjónustu og ráðgjafar. Undir þann kostnað fellur aksturkostnaður allra þjónustumiðstöðva, miðlæg skrifstofa, skrifstofa Barnaverndar og Keðjan.

Til þess að setja kostnaðinn í samhengi var kostnaður vegna stjórnsýslu, sérfræðiþjónustu og ráðgjafar 10 m.kr. á árinu 2020 og 7,4 m.kr. á árinu 2021. Hlutdeild þjónustumiðstöðva er 75% af heildarkostnaði. Til þess að svara fyrirspurninni var tekinn saman fjöldi starfsmanna á hverri þjónustumiðstöð sem taka leigubíla. Leigubílakostnaði vegna starfsmanna á hverri þjónustumiðstöð er síðan deilt með þeim fjölda stöðugilda sem nýta leigubíla og margfaldað með fjölda sálfræðinga á þeirri þjónustumiðstöð. Tafla 1 hér fyrir neðan sýnir því áætlaðan leigubílakostnað við ferðir sálfræðinga út í skólana. Tafla 2 sýnir kostnað vegna aksturssamninga skráða á sálfræðinga á þjónustumiðstöðvum. Tafla 3 er síðan heildarferðakostnaður, eða samanlagður kostnaður aksturssamninga og áætlaður leigubílakostnaður. Síðast er skráður á Töflu 4 meðalkostnaður miðað við gefnar forsendur fyrir hvern sálfræðing.

Tafla 1. Áætlaður leigubílakostnaður þjónustumiðstöðva

Þjónustumiðstöð	Áætlaður leigubílakostnaður	
	2020	2021
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	476.157	371.570
Þjónustumiðstöð Austur	234.280	152.031
Breiðholt	269.394	176.319
Laugardalur Háaleiti	575.529	331.792
Samtals	1.555.359	1.031.713

Tafla 2. Kostnaður vegna aksturssamninga þjónustumiðstöðva

Þjónustumiðstöð	Aksturskostnaður	
	2020	2021
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	17.394	104.213
Þjónustumiðstöð Austur	382.872	700.430
Breiðholt	135.036	451.242
Laugardalur Háaleiti	235.494	565.370
Samtals	770.796	1.821.255

Tafla 3. Samanlagður kostnaður leigubíla og aksturssamninga

Þjónustumiðstöð	Heildarferðakostnaður	
	2020	2021
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	493.551	475.783
Þjónustumiðstöð Austur	617.152	852.461
Breiðholt	404.430	627.561
Laugardalur Háaleiti	811.023	897.162
Samtals	2.326.155	2.852.968

Tafla 4. Samanlagður ferðakostnaður deilt með fjölda sálfræðinga á hverri þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð	Meðalkostnaður á sálfræðing		Fjöldi sálfræðinga
	2020	2021	
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	61.694	59.473	8
Þjónustumiðstöð Austur	56.105	77.496	11
Breiðholt	50.554	78.445	8
Laugardalur Háaleiti	202.756	224.290	4
Samtals	371.108	439.705	31